



Reitir fasteignafélag hf.
Kringlan 4-12
103 Reykjavík

20. desember 2019

Staðfesting á að Reitir standist fjárhagslegar kvaðir í veðhafasamkomulagi

Vísað er til veðhafasamkomulags vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins (e. Security Sharing Agreement) frá 21. nóvember 2014, milli okkar sem veðgæsluaðila (e. Security Agent) ásamt Íslögum ehf., Reita fasteignafélags hf. sem lántaka (e. Borrower), dótturfélaga Reita sem ábyrgðaraðila (e. Obligors) og lánveitenda (e. Creditors) eins og þeir birtast í lista 1 við veðhafasamkomulagið á hverjum tíma.

Í skírteini (e. Compliance Certificate) útgefnu af lántaka dags. 20. desember 2019 kemur fram staða fjárhagslegra kvaða og yfirlýsing um rekstrarhæfi félagsins, hér eftir vísað til sem „skírteini 20. desember 2019“.

Við höfum farið yfir og metið upplýsingar sem voru afhentar samhliða skírteini 20. september 2019 og sent fyrirspurnir, í þeim tilfellum sem það hefur átt við að okkar mati, á fulltrúa lántaka. Niðurstaða óháðrar yfirferðar okkar er að miðað við 30.09.2019 var staða viðkomandi fjárhagslegrar kvaðar eftirfarandi:

Fjárhagsleg kvöð		Kvöð	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist
Loan to Value Ratio:	Veðtryggðar skuldir undir tryggingafyrirkomulagi deilt með veðsettum eignum	Aldrei yfir 70%	61,7 %	Já

PwC staðfestir hér með að Reitir standist fjárhagslega kvöð í veðhafasamkomulaginu vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins miðað við dagsetninguna 30. september 2019.

Fyrir hönd PwC sem veðgæsluaðila,

Sigurður Óli Sigurðarson
sigurdur.sigurdarson@pwc.com